

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps, Flekkudalur, frístundabyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 16. desember 2015 breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017, sem samþykkt var í sveitarstjórn Kjósarhrepps 20. ágúst 2015.

Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði í landi Flekkudals er breytt í tvö aðskilin frístunda- byggðarsvæði: 2,62 ha svæði sunnan Meðalfellsvatns (F4b) fyrir allt að 5 lóðir og 8,52 ha svæði í Nesi (F4c) fyrir allt að 15 lóðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 16. desember 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2016